

# Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ársskýrsla 2023

---



10. nóvember 2023

---



## Efnisyfirlit

Formáli .....	3
SSH .....	4
Stjórn og starfsfólk .....	5
Rekstur SSH .....	6
Helstu verkefni SSH 2022 - 2023 .....	9
Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins: Höfuðborgarsvæðið 2040 .....	9
Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins .....	9
Græni stígurinn og frumgreining á legu .....	9
Mannlíf, byggð og bæjarrými: Leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur .....	10
Ályktun SSH og SSS .....	11
Ferðavenjukönnun 2022 .....	12
Vatnsvernd og vatnsnýting .....	13
Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 - 2024 .....	14
Áhersluverkefni 2022 .....	14
Áhersluverkefni 2023 .....	15
Sóley – styrktarsjóður .....	16
Loftslagsstefna höfuðborgarsvæðisins .....	17
Áfangastaðurinn höfuðborgarsvæðið .....	18
Kostnaður og umsjón áhersluverkefna sóknaráætlunar .....	19
Samgöngusáttmálinn .....	20
Samkomulag um eflingu almenningsamgangna .....	20
Byggðasamlögin .....	21
Skíðasvæðin á höfuðborgarsvæðinu .....	22
Rekstur og stjórnun .....	22
Framkvæmdir á skíðasvæðunum .....	23
Höfuðborgargirðing .....	24
Umdæmisráð barnaverndar .....	25
Heimilislausir með fjölbættan vanda (HMFÞ) .....	25
Kynningarmál .....	26
Kynningarfundir .....	26
Ný heimasíða .....	27
Samstarfs- og verkefnahópar .....	28
Formlegar nefndir .....	28
Viðvarandi samstarfshópar .....	29
Stjórnir, nefndir og hópar .....	29

## Formáli

Ársskýrslu þessari, sem er lögð fram á aðalfundi SSH þann 10. nóvember 2023, er ætlað að gefa yfirsýn yfir meginþætti í starfi samtakanna á liðnu starfsári.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eru samstarfsvettvangur sveitarfélaganna Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar, Seltjarnarness og Kjósarhrepps. Sem slík hafa samtökin þjónað sem nauðsynlegur vettvangur til umfjöllunar um mikilvæg samstarfsverkefni sveitarfélaganna. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, sameiginleg verndun neysluvatns íbúa svæðisins, almenningssamgöngur og önnur samgöngumál innan svæðisins, sameiginleg meðhöndlun og förgun úrgangs, ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk og framkvæmdir á skíðasvæðunum eru dæmi um verkefni sem sveitarfélögin hafa tekist sameiginlega á við undanfarin misseri. Þessi verkefni hafa kallað á samráð og sameiginlegar ákvarðanir á vettvangi SSH. Þá hafa fulltrúar SSH, aðallega formaður og framkvæmdastjóri, sótt fjölmarga fundi með ýmsum aðilum, s.s. ráðherrum, þingmönnum, starfsfólki ráðuneyta og annarra stofnana svo og fulltrúum annarra landshlutasamtaka.

Stærstu verkefnin sem SSH hefur fengist við á liðnu ári tengjast eftirfylgni Samgöngusáttmálans og samningaviðræðum við ríkið um uppfærslu hans. Efling almenningssamgangna er hluti af því samtali enda eru þær órjúfanlegur þáttur sáttmálans. Þá hafa átt sér stað fjölmargir fundir vegna fjármögnunar málaflokks fatlaðs fólks sem er eitt brýnasta hagsmunamál sveitarfélaganna.

Á árinu 2022 voru haldnir 14 stjórnarfundir SSH og það sem af er árinu 2023 hafa verið haldnir 19 stjórnarfundir þar sem mörg og fjölbreytt mál hafa verið tekin fyrir. Á árinu 2022 og það sem af er ári 2023 hafa verið haldnir 10 svokallaðir örfundir á vettvangi SSH. Á þeim eru tekin fyrir málefni líðandi stundar og þau verkefni sem SSH vinna að á hverjum tíma. Mikil ánægja mælist meðal kjörinna fulltrúa á höfuðborgarsvæðinu með þessa fundi og verður þeim framhaldið. Þá hafa, m.a. í kjördæmaviku Alþingis, verið haldnir fundir með þingmönnum höfuðborgarsvæðisins og öllum kjörnum fulltrúum sveitastjórna um mikilvæg hagsmunamál höfuðborgarsvæðisins. Í tengslum við það hafa SSH einnig sent frá sér fleiri umsagnir, s.s. við frumvarp til fjárlaga og önnur þau mál sem varða höfuðborgarsvæðið og umræða er um á Alþingi.

Önnur stór verkefni hafa verið unnin á vettvangi SSH undanfarið. Ber þar hæst stofnun markaðs- og áfangastaðastofu, samræmda úrgangsflokkun og önnur mál sem tengjast hringrásarhagkerfinu, sameiginlega loftlagsstefnu, samkomulag um urðun í Álfsnesi, uppbyggingu á skíðasvæðunum, sameiginleg velferðarmál og margþætt sóknaráætlunarverkefni svo fátt eitt sé nefnt. Gerð er grein fyrir stöðu og gangi þessara verkefna í ársskýrslunni.

Þá er vert að benda á stór viðfangsefni á vettvangi byggðasamlaganna Strætó bs. og Sorpu bs., annars vegar aðlögun á rekstri og leiðakerfi Strætó bs. að þeim breytingum sem verða á komandi árum með tilkomu Borgarlínunnar, og hins vegar þær breytingar sem framundan eru við meðhöndlun og förgun úrgangs. Þá var á árinu unnið áfram að endurskoðun á stjórnýslu byggðasamlaganna, m.a. með starfsemi Stefnuráðs byggðasamlaganna og er sú vinna enn í gangi.

Ný sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið var samþykkt hinn 6. mars 2020 og hefur verið unnið eftir henni frá þeim tíma m.a. með margþættum áhersluverkefnum á hverju ári og er gerð nánari grein fyrir þeim verkefnum í ársskýrslunni.

Mikilvægt er að SSH beini áfram kröftum sínum, enn frekar og í meira mæli, að beinni og markvissari hagsmunagæslu út á við og hafi frumkvæði að samtali og samskiptum við löggjafar- og framkvæmdavald ríkisins um augljósa hagsmuni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Mikið verk er framundan er varðar sameiginleg verkefni SSH og því mikilvægt að styrkja samtökin enn frekar til verka.

Kópavogi 10. nóvember 2023  
f.h. stjórnar SSH

Regína Ásvaldsdóttir  
formaður stjórnar SSH

## SSH

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu voru stofnuð í Hlégarði, Mosfellshreppi, í apríl 1976 og urðu þau því 47 ára á árinu.

Upphaflegur tilgangur með stofnun samtakanna var að móta formlegan vettvang til sameiginlegrar umræðu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um skipulagsmál.

Sjö árum eftir stofnun þeirra fengu samtökin formlega stöðu landshlutasamtaka sveitarfélaga og hafa síðan starfað á grundvelli ákvæða í sveitarstjórnarlögum um landshlutasamtök sveitarfélaga.

Í samþykktum SSH sem samþykktar voru á aðalfundi 2022 segir eftirfarandi um tilgang þeirra og markmið:

*„SSH eru sameiginlegur málsvari aðildarsveitarfélaganna og gæta hagsmuna þeirra. SSH eru samstarfs- og samvinnuvettvangur aðildarsveitarfélaganna vegna sameiginlegra verkefna og hagsmunamála þeirra. SSH eru sameiginlegur vettvangur sveitarfélaganna til að fjalla um rekstur þeirra samstarfsverkefna, t.d. byggðasamlaga, sem sveitarfélögin reka sameiginlega hverju sinni.*

*Skal starfsemi SSH m.a. stuðla að eftirfarandi markmiðum:*

- Að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að samskiptum og samstarfi sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórnarnefnda og starfsmanna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.*
- Að höfuðborgarsvæðið sé samkeppnishæft gagnvart erlendum borgarsvæðum og bjóði upp á nýsköpun, atvinnulíf, innviði og lífskjör sem eru á borð við þau bestu í heiminum.*


*SSH skulu hafa frumkvæði að vöktun, greiningu, umræðu og kynningu á málum sem varða sameiginlega hagsmuni aðildarsveitarfélaga. Með sama hætti skulu SSH fylgjast með nýjungum á sviði sveitarstjórnarmála jafnt innalands sem erlendis og miðla þeim til aðildarsveitarfélaganna.*

*SSH skulu standa fyrir reglubundnu samráði við ríkisvaldið, ráðuneyti og stofnanir um málefni er varða hag sveitarfélaganna og vinna með þeim hætti að framþróun og hagsmunum höfuðborgarsvæðisins.“*



Úr myndasafni Mosfellsbæjar

## Stjórn og starfsfólk



### Stjórn SSH frá júní 2022:

Almar Guðmundsson, bærarstjóri Garðabæjar.

Ásdís Kristjánsdóttir, bærarstjóri Kópavogs.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur.

Regína Ásvaldsdóttir, bærarstjóri Mosfellsbæjar, formaður frá aðalfundi 2022.

Rósa Guðbjartsdóttir, bærarstjóri Hafnarfjarðar.

Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri Kjósarhrepps.

Þór Sigurgeirsson, bærarstjóri Seltjarnarness.



*Frá vinstri: Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Reykjavíkurborgar, Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Kjósarhrepps, Almar Guðmundsson bærarstjóri Garðabæjar, Regína Ásvaldsdóttir bærarstjóri Mosfellsbæjar og formaður stjórnar SSH, Þór Sigurgeirsson bærarstjóri Seltjarnarnesbæjar, Ásdís Kristjánsdóttir bærarstjóri Kópavogsbæjar, Rósa Guðbjartsdóttir bærarstjóri Hafnarfjarðarbæjar og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH)*

### Skrifstofa SSH, starfsfólk:

Páll Björgvin Guðmundsson, frá apríl 2019, framkvæmdastjóri.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, frá mars 2020, lögfræðingur.

Jón Kjartan Ágústsson, frá janúar 2020, svæðisskipulagsstjóri.

Sandra Björgvinsdóttir frá nóvember 2014, skrifstofuumsjón.

## Rekstur SSH

Rekstur SSH er fjármagnaður með tvennum hætti:

- a) Með árlegu framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem leggur hverjum landshlutasamtökum sveitarfélaga til árlegt framlag sem ætlað er til að standa undir kostnaði við tiltekna kjarnastarfsemi. Árlegt framlag Jöfnunarsjóðs er nú um 55% af ráðstöfunartekjum SSH en var áður í kringum 70%.
- b) Með árgjaldi frá aðildarsveitarfélögum er ákvarðað á aðalfundi samtakanna ár hvert. Á árinu 2022 var árgjaldið 139 kr. á hvern íbúa. Árgjaldið fyrir árið 2023 sem samþykkt var aðalfundi SSH í nóvember 2022 er 156 kr.



Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins er vistað hjá SSH samkvæmt samningi aðildarsveitarfélaganna. Sveitarfélögin greiða sérstaklega kostnað vegna þessa, þ.e. laun svæðisskipulagsstjóra og svæðisskipulagsnefndar, hlutdeild í rekstri skrifstofu SSH auk sérgreinds verkefnaframlags vegna tilfallandi verkefna sem tengjast rekstri svæðisskipulagsins. Þá er öll verkefnastýring og umsýsla sóknaráætlunar, þ.m.t. áhersluverkefna hennar, vistuð hjá SSH.


SSH hafa að auki verið falin verkefnaleg og fjárhagsleg umsjón margvíslegra verkefna sem ekki rúmast innan hefðbundinna verkefna þeirra. Í þeim tilfellum innheimta SSH sérstaklega kostnað vegna slíkra verkefna hjá aðildarsveitarfélögum. Sem dæmi má nefna að á árunum 2019 og 2020 hélt skrifstofa SSH utan um fjármál Samgöngusáttmálans að því er varðaði framlög sveitarfélaganna og fjárhagslega umsýslu undirbúnings Borgarlínu. Þá hefur verkefnastjórnun framkvæmda á skíðasvæðunum verið vistuð hjá SSH.

Á árunum 2022-2023 voru tvö verkefni, og verkefnastjórar þeirra, hýst hjá SSH. Um var að ræða verkefni um Áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið annars vegar og hins vegar verkefni um heimilislausa með miklar og flóknar þjónustubarfir. Hýsingu umræddra verkefna er nú lokið en nánar er fjallað um þau í sérstökum köflum hér á eftir.

SSH vinna markvisst að eflingu og styrkingu upplýsingakerfa og skilvirku upplýsingaflæði milli SSH og kjörinna fulltrúa sveitarfélaganna. Aðlögun að ONE fundakerfi og gagnagátt kjörinna fulltrúa þar sem fundaskjöl eru aðgengileg með rafrænum hætti hefur gengið vel en kerfið var tekið í notkun haustið 2021. Markmiðið er fyrst og fremst að bæta aðgengi og gagnaöryggi til mikilla muna. Frá árinu 2015 hafa öll mál verið skráð í rafræna málaskrá til að tryggja yfirsýn og rekjanleika.

Ný vefsíða SSH fór í loftið í lok júní 2023 en vinna við uppsetningu hennar stóð yfir frá árinu 2022. Áhersla er lögð á gott aðgengi og að vefsíðan gefi glögga mynd af yfirgripsmiklum verkefnum samtakanna.

Fundaaðstaða SSH að Hamraborg 9, Kópavogi stendur opin fyrir alla þá verkefna- og starfshópa sem vinna að sameiginlegum verkefnum á vegum sveitarfélaganna, og t.a.m. halda Skólamálanefnd SSH og Samráðshópur á sviði velferðarmála reglulega fundi sína á skrifstofu SSH.



Kópavogur ljósmynd SB

Tafla 1 sýnir þróun á tekjum og rekstrarkostnaði kjarnastarfsemi SSH samkvæmt ársreikningi 2017-2022 og áætlun ársins 2023.

### Tafla 1: Rekstur kjarnastarfsemi SSH 2018 – 2023

	Ársreikn 2018	Ársreikn 2019	Ársreikn 2020	Ársreikn 2021	Ársreikn 2022	Áætlun 2023
<b>Rekstrartekjur:</b>						
Árgjöld aðildarsveitarfélaga .....	-11.124	-15.976	-24.469	-27.435	-33.486	-38.074
Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga .....	-32.636	-33.345	-32.984	-33.677	-40.789	-42.000
Aðrar tekjur .....	-2.721	-2.721	0	0	0	
	<b>-46.481</b>	<b>-52.042</b>	<b>-57.453</b>	<b>-61.112</b>	<b>-74.275</b>	<b>-80.074</b>
<b>Rekstrargjöld:</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	26.258	31.420	39.468	45.786	50.642	51.647
Húsnæðiskostnaður .....	6.116	9.015	4.815	6.739	7.216	8.007
Skrifstofa, uppl. kerfi, fundakostn. ofl. ....	9.857	10.605	7.873	9.104	12.469	14.060
	<b>42.231</b>	<b>51.040</b>	<b>52.156</b>	<b>61.629</b>	<b>70.327</b>	<b>73.714</b>
Hlutdeild sv.sk.lags /sóknaráætlunar	-7.000	-7.000	-5.000	-5.000	-5.000	-8.110
Nettó rekstur skrifstofu .....	<b>35.231</b>	<b>44.040</b>	<b>47.156</b>	<b>56.629</b>	<b>65.327</b>	<b>65.604</b>
Niðurstaða f. verkefnakostnað	-11.250	-8.002	-10.297	-4.483	-8.948	-14.470
Verkefnakostnaður .....	8.026	7.634	11.614	9.718	11.852	17.710
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði .....	-3.224	-368	1.317	5.235	2.904	3.240
Fjármagnsliðir:	<b>-562</b>	<b>-1.908</b>	<b>-528</b>	<b>241</b>	<b>-1.252</b>	<b>47</b>
<b>Niðurstaða tímabilsins .....</b>	<b>-3.786</b>	<b>-2.276</b>	<b>789</b>	<b>5.476</b>	<b>1.652</b>	<b>3.287</b>

Allar tölur í þús. kr.

SSH hafa umsjón með margvíslegum verkefnum sem ekki eru hluti af kjarnastarfsemi samtakanna. Í töflu 2 er gerð grein fyrir þessum verkefnum, rekstri og fjármögnun þeirra.



Úr myndasafni Hafnarfjarðar

## Tafla 2: Yfirlit verkefnisumsjónar SSH á árinu 2022

	Svæðis- skipulag	Sóknar- áætlun	Viðhald girðinga	Almennings samgöngur	Vatnsvernd	Stjórnsýsla	Verferðarsv. verkefni	Áfangast. höfuðborgars.	Önnur verkefni	Samtals
<b>Innheim vegna verkefna</b>										
Hlutdeild ríkissjóðs .....		32.340						12.000		44.340
Verkefnafé sveitarfélaga .....	26.379	5.000						12.000		43.379
Rekstrarframlag sveitarfélaga og byggðas. ....	5.000				15.281	3.158	6.326	6.500		36.265
Ríkissjóður vegna Sóknaráætlunar, eftirstöðvar ...		9.000								9.000
Vegagerðin v. sam.um eflingu almenningssamg. .				906.000						906.000
Ónotað verkefnafé fyrra árs .....	9.514	5.002								14.516
Verkefnafé frá fyrra ári (flutt til næsta árs) .....	( 9.816 )	( 9.932 )						( 7.323 )		( 27.071 )
	31.077	41.410	0	906.000	15.281	3.158	6.326	23.177	0	1.026.429
<b>Kostnaður vegna verkefna</b>										
Laun og tengd gjöld .....	21.071							13.402		34.473
Annar rekstrarkostnaður .....	387	1.142								1.529
Gjaldfært framlag sveitarfél. til Sóknaráætlunar ....										0
Verkefniskostnaður .....	5.379	36.704	5.355	906.000	15.281	3.780	6.326	9.775	875	989.475
Verkefnastjórnun v. sóknaráætlunar .....	( 760 )	760								0
Hlutdeild .....	5.000	2.804								7.804
	31.077	41.410	5.355	906.000	15.281	3.780	6.326	23.177	875	1.033.281
Verkefnakostnaður SSH	0	0	5.355	0	0	622	0	0	875	6.852

Allar tölur í þús. kr.




Úr myndasafni Reykjavíkurborgar



# Helstu verkefni SSH 2022 - 2023

## Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins: Höfuðborgarsvæðið 2040

Gildandi svæðisskipulag: Höfuðborgarsvæðið 2040, var undirritað 2015 og er sameiginleg stefna sveitarfélaganna Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kjósarhrepps, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar um náð samstarf, skipulagsmál og hagkvæman vöxt svæðisins næstu 25 árin, enda er höfuðborgarsvæðið eitt búsetusvæði og einn atvinnu- og húsnæðismarkaður með sameiginleg grunnkerfi, útivistarsvæði, auðlindir og náttúru.



Vinstri: Forsíða svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Hægri: Kjarnar og vaxtarmörk

Verkefni tengd framfylgd svæðisskipulags hafa verið fyrirferðarmikil í starfi SSH. Þar ber hæst undirritun Samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga árið 2019 og stofnun Betri samgangna ohf. sem hafa yfirumsjón með framkvæmdum Samgöngusáttmálans árið 2020.

## Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins


Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins er hýst hjá SSH og starfar skv. samkomulagi sveitarfélaganna um svæðisskipulag og starfsreglum nefndarinnar. Núverandi nefnd tók til starfa í ágúst 2022 í kjölfar sveitarstjórnarkosninga. Formaður er Pawel Bartoszek fulltrúi Reykjavíkurborgar í nefndinni og varaformaður er Hjördís Ýr Johnson fulltrúi Kópavogs. Nefndin fundaði tíu sinnum frá nóvember 2022 til október 2023 og tók fyrir yfir 50 erindi sem henni bárust.

Nefndin samþykkti á 110. fundi sínum áherslur að forgangsroðun verkefna fyrir kjörtímabilið 2022 – 2026 þar sem áhersla verður lögð á framkvæmd aðgerða svæðisskipulags sem varða samkeppnishæfni og heilnæmt umhverfi.

## Græni stígurinn og frumgreining á legu

Svæðisskipulagsnefnd hefur unnið að ofangreindu í samræmi við samþykktar áherslur nefndarinnar fyrir kjörtímabilið. Um er að ræða aðgerð úr svæðisskipulagi sem felur í sér að unnið verði að sérstökum útivistarstíg í græna trefli höfuðborgarsvæðisins.

Í mars 2023 stóð nefndin ásamt Skógræktarfélagi Íslands fyrir málþingi um græna stíginn og möguleika til uppbyggingar til framtíðar. Þátttaka á fundinum fór fram úr björtustu vonum og sóttu yfir 70 manns fundinn í fundarsal Arion banka í Borgartúni og yfir 100 fylgdust með á netinu<sup>1</sup>.



*Kort úr frumgreiningarvinnu. Vinstri: Tillaga A, græni stígurinn sem tekur mið af eldri tillögum og leiðbeinandi legu skv. svæðisskipulagi. Hægri: Tillaga B, græni stígurinn strax sem tekur mið af fyrirliggjandi stígakerfi sem er til staðar og væri hægt að koma í notkun án mikils tillkostnaðar*

Nefndin samþykkti í byrjun árs 2023 að láta vinna frumgreiningu á legu stígsins og réði til þess Landslag landslagsarkitekta í kjölfar verðfyrirspurnar. Greiningin leiddi í ljós tvær tillögur að legu stígsins og voru niðurstöður sendar sveitarfélögunum til kynningar og athugasemda. Stefnt er að því að nefndin afhendi sveitarfélögunum endanlega frumgreiningu í nóvember 2023.

## Mannlíf, byggð og bæjarrými: Leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur

Skipulagsstofnun og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu/svæðisskipulagsnefnd hafa unnið að þróun leiðbeininga um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli undanfarin ár. Leiðbeiningarnar eru unnar í samstarfi við Teiknistofuna STIKU og einnig koma að verkefninu EFLA og Landmótun landslagsarkitekta.



*Mynd úr Leiðbeiningum um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur*

<sup>1</sup> <https://www.skog.is/fraedslufundur-um-graena-stiginn-2023/>

Verkefnið er hluti af útfærslu stefnumörkunar um byggð og bæjarrými og samgöngur sem sett er fram í landsskipulagsstefnu og svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Leiðbeiningarnar eru ætlaðar öllum sem fást við og láta sig varða skipulag, samgöngur og gæði byggðar og munu nýtast við skipulag, hönnun og uppbyggingu byggðar og bæjarrýma, jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem og öðrum þéttbýlissvæðum landsins. Von er til þess að leiðbeiningarnar verði gagnlegur leiðarvísir að sjálfbæru skipulagi með samþættingu byggðar og samgangna, gæði byggðar og fjölbreytt og lifandi bæjarrými að leiðarljósi.

Vinnslutillaga að leiðbeiningunum var birt til kynningar í júní 2023 og óskað eftir ábendingum hagaðila<sup>2</sup>. Stefnt er að því að endanleg útgáfa leiðbeininganna verði birt á heimasíðu Skipulagsstofnunar fyrir lok árs 2023.

## Ályktun SSH og SSS

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins og Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja funduðu saman í fyrsta skipti í maí 2023 til að ræða sameiginleg viðfangsefni og hagsmunamál og til að leggja grunn að öflugra samstarfi milli svæðanna í framtíðinni. Var fundurinn haldinn í Ásbrú og tók Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins strætó til fundarins.



*Svæðisskipulagsnefndir höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja*

Nefndirnar voru sammála um að höfuðborgarsvæðið og Suðurnesin væri hluti af einu vinnusóknar- og búsetusvæði og að lífsgæði og samkeppnishæfni svæðanna grundvallast á greiðum, vistvænum og öruggum samgöngum fyrir atvinnulíf, gesti og íbúa. Nefndirnar samþykktu ályktun þess efnis þar sem ríkisstjórnin er hvött til að beita sér fyrir bættum samgöngum milli svæðanna, fyrir alla ferðamáta. Í ályktuninni kom einnig m.a. fram:


- Að staðið verði við fyrirbyggjandi áform um aðskilnað akstursleiða á Reykjanesbraut milli þéttbýlissvæðanna.
- Að svæðin verði tengd saman með tíðum, gæðamiklum almenningssamgöngum, með aðgengi fyrir alla.
- Að aðgengi að almenningssamgöngum við flugvallarbyggingu Keflavíkurflugvallar verði bætt.
- Að skipulagt verði heildstætt göngustíga- og hjólanet milli svæðanna.
- Að öryggi veitukerfa, Reykjanesbrautar og samgönguinnviða verði tryggt m.t.t. almannavarna.

<sup>2</sup> [Mannlíf, byggð og bæjarrými: leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur | Fréttir | Skipulagsstofnun](#)

## Ferðavenjukönnun 2022

SSH stóðu ásamt innviðaráðuneyti, Betri samgöngum ohf., Vegagerðinni, Skipulagsstofnun, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Strætó bs. að gerð ferðavenjukönnunar en könnunin var framkvæmd í október og nóvember 2022.

### Samanburður á hlutfalli ferða með einkabíl eða öðrum hætti - 2002-2022



Í könnuninni eru ferðavenjur fólks mældar fyrir alla samgöngumáta og niðurstöður teknar saman fyrir landið allt, einstaka landshluta, sveitarfélög og hverfi þar sem það á við. Fjöldi þátttakenda í könnuninni á höfuðborgarsvæðinu var 5.559. SSH hafa komið að gerð slíkra kannanna frá árinu 2002 með hléum. Ferðavenjukönnunin nær nú til alls landsins.

Helstu niðurstöður eru þær að daglegum ferðum íbúa á höfuðborgarsvæðinu í umferðinni fækkar talsvert. Daglegar ferðir á mann voru 3,2 að meðaltali en voru 3,7 árið 2019 þegar síðasta könnun var gerð. Einnig kemur fram að hlutfall ferða með einkabíl þá daga sem könnunin var framkvæmd mælist 72% og aðrar ferðir mælast 29% sem er hæsta hlutfall annarra ferða frá því mælingar hófust. Frekari skipting sýnir að 58% ferðuðust sem bílstjóri, 14% sem farþegi í einkabíl, 15% fótgangandi, 5% á reiðhjóli, 5% sem farþegi í strætisvagni og 4% með öðrum ferðamátum líkt og hlaupahjólum.



Úr myndasafni Reykjavíkurborgar

## Vatnsvernd og vatnsnýting

### *Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu*

Hópurinn skipaður formaður svæðisskipulagsnefndar, formaður framkvæmdastjórnar vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu og fulltrúar frá vatnsveitum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk hópsins er: Að tryggja nauðsynlega yfirsýn yfir þau mál og viðfangsefni sem lúta að vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins og verkefnum sem henni tengjast á hverjum tíma; að tryggja samstillingu þeirra aðila sem bera ábyrgð á vatnsvernd og vatnsnýtingu innan vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins, m.a. í samræmi við lögboðnar skyldur sveitarfélaganna, heilbrigðiseftirlits og veitna. Hópurinn fundar mánaðarlega á vettvangi SSH undir hatti svæðisskipulags.

### *Rannsóknarborholur í Bláfjöllum*

Verkefnið á upphaf sitt í samkomulagi sveitarfélaganna í maí 2018 um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og mótvægisáðgerðum vegna vatnsverndar sem m.a. fela í sér fjölgun á rannsóknarborholum og rýni á grunnvatnslíkani og tillögur að grunnvatnsrannsóknum. Stefnt var að því að fara í útboð og framkvæmdir sumarið 2023 en þar sem engin tilboð bárust í verkið standa yfir samningaviðræður við framkvæmdaraðila um að fara í framkvæmdir sumarið 2024, á grundvelli þeirra forsenda sem fram komu í útboði.

### *Grunnvatns- og rennislíkan höfuðborgarsvæðisins*

Helsta verkefni samráðshópsins er umsjón með grunnvatns- og rennislíkani höfuðborgarsvæðisins. Líkanið er hýst hjá ráðgjafarstofunni Vatnaskilum og gegnir lykilhlutverki í framfylgd vatnsverndar sem og við mat á áhrifum nýrra framkvæmda eða starfsemi á aðrennissvæðum vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins. Líkanið er í stöðugri endurskoðun með gagnasettum sem eru sótt m.a. í vatnamæla sem eru í borholum á höfuðborgarsvæðinu. Nýjar rannsóknarholur eru liður í að styrkja grunn vatnafarslíkansins sem veitufyrirtækin á höfuðborgarsvæðinu viðhalda. Kostnaður vegna viðbótargrunnrannsókna skiptist á milli vatnsveitna á höfuðborgarsvæðinu.



Úr myndasafni Seltjarnarness

## Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 - 2024

Hinn 6. mars 2020 samþykkti stjórn SSH sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið 2020–2024. Sóknaráætlun er stefnuskjal sem felur í sér stöðumat höfuðborgarsvæðisins, framtíðarsýn og markmið í tilgreindum málaflokkum ásamt skilgreindum leiðum að markmiðunum. Verkefnið er hluti af sóknaráætlun landshluta, en tekur jafnframt mið af þeirri stefnu og framtíðarsýn sem kemur fram í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015–2040.



Framfylgd sóknaráætlunar felst í að vinna að ákveðnum áhersluverkefnum fyrir hvert ár yfir tímabilið. Áhersluverkefni eru samþykkt af stjórn SSH og stýrt af SSH í samstarfi við sérstaka ráðgjafa og/eða verkefnastjóra. Á heimasíðu SSH er að finna ítarlegar upplýsingar um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins og verkefni sem unnin hafa verið undir hatti hennar. Vefslóð <https://www.ssh.is/is/verkefni/soknaraetlun>.

### Áhersluverkefni 2022

Áhersluverkefni sem voru samþykkt á árinu 2022 eða fyrr og unnið var að á tímabilinu:

- **Áætlun um landnotkun, húsnæði og samgöngur.** Verkefnið fól í sér að greina finnska MAL samninga, sem eru gerðir í Finnlandi milli ríkis og sveitarfélaga, og varða sameiginlega framtíðarsýn í málaflokkunum skipulag, húsnæði og samgöngur. Verkefnið verður afhent stjórn SSH í lok árs 2023.
- **Forvarnir og geðrækt hjá ungmennum á höfuðborgarsvæðinu.** Verkefnið, sem einnig var kynnt kjörnum fulltrúum á sérstökum kynningarfundum, hafði það markmið að auka samstarf, stuðla að samræmingu, deila reynslu og þekkingu milli fagaðila, ásamt því að skoða fýsileika þess að vinna að samræmdri stefnumörkun innan málaflokksins. Vinnuhópur verkefnisins er enn að störfum og vinnur að því að fullmóta niðurstöður skýrslunnar.
- **Markaðssetning gagnvart erlendum fjárfestum.** Rekstur á vefsíðunni [www.investinreykjavik.com](http://www.investinreykjavik.com) þar sem boðið er upp á upplýsingar um höfuðborgarsvæðið sem fjárfestingarvalkost. Á vettvangi SSH standa yfir viðræður við nýstofnaða Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins um hýsingu verkefnisins.
- **Loftslagsstefna fyrir höfuðborgarsvæðið.** Verkefnið hófst 2020 með mælingu á losun gróðurhúsalofttegunda innan höfuðborgarsvæðisins og hélt áfram árin 2021-2022 með mótun sameiginlegrar loftslagsstefnu sem var lögð fyrir sveitarfélögin til kynningar og umsagnar á árinu 2022. Endanleg tillaga að loftslagsstefnu var samþykkt og undirrituð á árinu 2023, sjá nánari umfjöllun síðar í kaflanum.



Stjórn SSH á fundi í Höfða 2023

- **Samræming úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu.** Verkefnið hófst 2020 þegar starfshópur tæknifólks frá sveitarfélögunum lét vinna skýrslu um fýsileika þess að hafa samræmt flokkunarkerfi við heimili á höfuðborgarsvæðinu. Sveitarfélögin samþykktu áframhaldandi samstarf vegna þess og stóð tillögugerð yfir á árunum 2021-2022, í samstarfi SSH, Sorpu og tæknihóps sveitarfélaganna, sem skiluðu tillögu að sameiginlegu úrgangsflokkunarkerfi í byrjun árs 2022. Sveitarfélögin skrifuðu undir yfirlýsingu um áframhaldandi samstarf og innleiðingu í mars 2022. Verkefninu lauk á haustdögum 2023 eftir að innleiðingu á samræmdu úrgangsflokkunarkerfi við heimili á höfuðborgarsvæðinu var lokið. Nánar má lesa um verkefnið á [www.flokkum.is](http://www.flokkum.is).



*Dæmi um kynningarefni sem var unnið vegna samræmingar úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu*

- **Útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu - greining.** Verkefni sem felur í sér að kortleggja umfang útivistarsvæða á höfuðborgarsvæðinu, framkvæma spurningakönnun um notkun þeirra og teikna kort sem sýnir vinsælustu svæðin. Verkefnið verður afhent stjórn SSH við lok árs 2023.
- **Þróunar- og forvarnarverkefni í samstarfi við Fjölsmiðjuna.** Ætlunin er að styðja við og þróa úrræðið „Fimm leiðir að vellíðan“, sem er ætlað að þjálfa nema Fjölsmiðjunnar í að taka farsælar ákvarðanir í lífinu, þróa skráningar á framförum hjá nemum og vinna úr skráningum til að meta betur árangur af verkefninu.

## Áhersluverkefni 2023

Á árinu 2023 hefur verið unnið að eftirfarandi áhersluverkefnum sóknaráætlunar sem voru samþykkt á 552. stjórnarfundi SSH 20. febrúar 2023.

- **Dregið úr förgun rafúrgangs.** Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið veitti SSH aukaframlag í lok árs 2022 til að styðja við verkefni sem varða hringrásarhagkerfið. Verkefnið varðar viðgerðir á rafúrgangi sem annars hefði verið fargað. Unnið í samstarfi við Sorpu. Verkefnið komst til framkvæmda á árinu 2023.
- **Útivistarvefur höfuðborgarsvæðisins.** Verkefnið felst í að útbúa vefsíðu og/eða smáforrit sem dregur fram helstu útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu og aðrar tólmstundir fyrir íbúa og gesti, með það að markmiði að stuðla að aukinni hreyfingu og útivist. SSH hefur notið ráðgjafar frá Sjá ehf. til að marka umfang, áætla kostnað og ræða við fyrirtæki á markaði sem bjóða upp kortalausnir. Áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins er samstarfsaðili og er stefnt að því að stofan taki yfir útivistarvefinn eftir að verkefninu lýkur.
- **Innleiðing hringrásarhagkerfis.** Tilgangur verkefnisins er að greina verkefni sveitarfélaganna vegna nýrra laga um hringrásarhagkerfið og tækifæri til frekari samstarfs og úrbóta. Starfshópur á vegum sveitarfélaganna hefur hist reglulega til að rýna hvaða verkefni eru framundan hjá sveitarfélögunum eftir samþykki laga um

hringrásarhagkerfið. Stefnumráð byggðasamlaganna fól hópnum jafnframt að vinna að sameiginlegri sorpsamþykkt fyrir sveitarfélögin sem er ætlað að nýtast við heildarstefnumörkun sveitarfélaganna um hringrásarhagkerfi á höfuðborgarsvæðinu sem stendur yfir.

- **Loftslagsstefna – innleiðing.** Tilgangur verkefnisins er að innleiða nýsamþykta Loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins og aðstoða sveitarfélögin vegna þess. Einnig að mæla losun gróðurhúsalofttegunda á höfuðborgarsvæðinu.

Ofangreind verkefni eru nú öll á vinnslustigi og ganga samkvæmt áætlunum þar um.

## Sóley – styrktarsjóður

Eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins hefur það að markmiði að hvetja til þátttöku atvinnulífsins í nýsköpunarverkefnum á sviði velferðar- og samfélagsmála annars vegar og umhverfis- og samgöngumála hins vegar ásamt því að efla samstarf atvinnulífs og sveitarfélaga innan beggja málaflokkanna. Hinn 12. desember 2022 fór fram úthlutun styrkja úr Sóleyju, styrktarsjóði SSH, til nýsköpunarverkefna á ofangreindum sviðum. Verkefni komu til framkvæmda á árinu 2023. Eftirfarandi verkefni fengu styrk:



Á meðfylgjandi ljósmynd eru, frá vinstri til hægri: Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, Benedikta Sörensen, Katla Margrét Aradóttir, Elfa Ýr Gylfadóttir, Daði Baldur Ottósson, Thijs Kreukels, Pálmi Rafn Pálmason, Jón Hafþór Marteinsson og Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar og formaður stjórnar SSH


- **Bætt hjólaferni.** Styrkþegi er VSB verkfræðistofa. Hjólaþróf í grunnskólum. Verkefnið felst í því að búa til bóklegt og verklegt hjólaþróf fyrir börn á aldri 10-12 ára með það að markmiði að auka færni þeirra og draga úr slyshættu með það langtíamarkmið að auka hlutdeild hjólaferða í samgöngum.
- **Snjallari almenningsamgöngur – pöntunarþjónusta.** Styrkþegi er Efla verkfræðistofa. Verkefnið felst í greiningu á því með hvaða hætti megi efla pöntunarþjónustu Strætó bs. Er t.a.m. horft til þess hvort og hvar væri mögulegt og skynsamlegt að setja akstursleiðir í pöntunarþjónustu og m.a. framkvæmd viðhorfskönnun meðal íbúa í þeim tilgangi að greina það.
- **Endurnýting bambahúsa.** Styrkþegi er Bambahús. Verkefnið felst í að koma á samstarfi við innflutningsaðila bamba um að nýta bamba, sem eru 1000 lítra IBC tankar sem vökvi er fluttur í og væri ella fargað. Bambarnir eru svo nýttir til framleiðslu gróðurhúsa sem m.a. nýtast til umhverfiskennslu í leik- og grunnskólum.



- **Sara stelpa með adhd.** Styrkþegi er Týndu stelpurnar ehf. Verkefnið felst í að skrifa og gefa út barnabók um stelpu með ADHD, til að auka skilning á ADHD og vekja athygli á mismunandi birtingarmyndum ADHD eftir kynjum.
- **Forvarnir gegn hatursorðræðu á netinu.** Styrkþegi er Ofbeldisforvarnarskólinn ehf. Verkefnið felst í vinnslu stuttmyndar um hatursorðræðu þar sem tekið er á útlendingahatri og kynbundnu ofbeldi. Markmiðið er m.a. að varpa ljósi á hvað leiðir til hatursorðræðu og að styrkja sjálfsmynd ungra innflytjenda og hinsegin unglunga.
- **Kraftur í KR - Heilsuefling eldri borgara.** Styrkþegi er KR. Um er að ræða samstarfsverkefni Samfélagshússins á Aflagranda og KR er snýr að hreyfingu fyrir eldra fólk. Styrknum er varið til eflingar starfsins, til að auka fjölbreytni hreyfingar og koma á fót gönguhópi og til að styrkja frístundaakstur, þ.e. rútu sem sækir einstaklinga í hverfinu og kemur þeim á staðinn.
- **Upplýsinga- og miðlalæsisvika.** Styrkþegi er Fjölmíðlanefnd og Tengslanet um upplýsinga- og miðlalæsi. Verkefnið felst í að byggja upp fræðslu og þjálfun fyrir kennara og frístundaleiðbeinendur til að auka miðlalæsi yngri kynslóðarinnar. Um verður að ræða þýðingar á erlendu efni og fræðslumyndbönd. Gert er ráð fyrir umfjöllun um samfélagsmiðla, fréttir og falsfréttir, hatur og áreiti, foreldra og öryggi.

## Loftslagsstefna höfuðborgarsvæðisins

Borgarstjóri og bæjarstjórar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu ásamt framkvæmdastjóra SSH undirrituðu Loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins í ágúst 2023. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vilja með stefnunni leggja sitt að mörkum með innleiðingu markvissra aðgerða sem stuðla að kolefnishlutleysi höfuðborgarsvæðisins. Mikilvægasta afurð stefnunnar er því yfirlit aðgerða sem eru líklegar til að skila árangri í baráttunni við loftslagsbreytingar. Aðgerðirnar snúa m.a. að vegasamgöngum, siglingum, staðbundinni orkunotkun, iðnaði, efnanotkun, úrgangsmálum og landnotkun. Með stefnumótuninni lýsa sveitarfélögin yfir þeim vilja sínum að höfuðborgarsvæðið verði kolefnishlutlaust árið 2035, þ.e. að þá verði reiknuð heildarlosun gróðurhúsalofttegunda ekki meiri en sem nemur reiknaðri bindingu kolefnis.



Vinstri: Forsíða Loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins. Hægri: Hlutfallsleg losun gróðurhúsalofttegunda frá mismunandi athöfnum á höfuðborgarsvæðinu skv. mælingu 2019

Í tengslum við stefnuna hafa SSH undirritað samkomulag við umhverfis-, orku- og auðlindaráðuneytið í þeim tilgangi að fylgja loftslagsstefnunni eftir, m.a. með ráðningu ráðgjafa til þess að aðstoða sveitarfélögin við að móta aðgerðir til samræmis við verkfærakistu Loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins. Þá verður samkvæmt samkomulaginu unnið nýtt

mat á losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2023. Losun var síðast metin árið 2019 og er tilgangur nýrrar úttekta sá að fylgjast með einstökum losunar- og bindingarþáttum og meta árangur aðgerða. Hafa SSH gert samning við VSÓ ráðgjöf til að sinna ofangreindum verkþáttum.

## Áfangastaðurinn höfuðborgarsvæðið

Unnið hefur verið að því að því að byggja upp samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á sviði ferðaþjónustu. Verkefnið hófst formlega í febrúar árið 2021 þegar það var áhersluverkefni í sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins. Byrjað var að greina og móta hvernig samstarfi um ferðamál skyldi háttað.

Í framhaldi af því gerðu sveitarfélögin með sér samkomulag um næstu skref verkefnisins. Þar kemur fram að „Tilgangur þessa samnings er að setja af stað samstarfsvettvang sveitarfélaga og atvinnulífsins á höfuðborgarsvæðinu um ferðamál með það hlutverk að styðja við þróun áfangastaðarins í átt að sjálfbærri framtíðarsýn og aukinni samkeppnishæfni. Áherslan verði á þróun, kynningar- og markaðsstarf ásamt samlegð og samtali hagaðila í ferðaþjónustu og tengdra aðila.“

### Stofnun Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Hinn 3. apríl 2023 var Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins stofnuð eftir tveggja ára undirbúning. Markaðsstofan er áfangastaðastofa fyrir höfuðborgarsvæðið allt og eru stofnaðilar Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins. Markaðsstofan er vettvangur til að markaðssetja og þróa áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið sem eina heild. Samhliða stofnun Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins var áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins 2023 – 2026 birt.

Eitt af hlutverkum Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins er að vera áfangastaðastofa fyrir höfuðborgarsvæðið. Skilgreining stjórnvalda á áfangastaðastofu er eftirfarandi: „Áfangastaðastofa (e. *Destination Management Organization*) [er] svæðisbundin þjónustueining á vegum opinberra aðila og einkaaðila sem hefur það meginhlutverk að styðja við ferðaþjónustu í viðkomandi landshluta og tryggja að hún þróist í takt við vilja heimamanna þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi“.

Hinn 18. apríl 2023 var Inga Hlín Pálsdóttir ráðin framkvæmdastjóri Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.

### Áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins

Í áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins 2023-2026 er sett fram áætlun um áherslu og stöðu ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða fyrstu áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins og felur hún í sér leiðbeinandi áætlun fyrir nýstofnaða Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins byggða á framtíðarsýn sem grundvallast á eftirfarandi fjórum lykiláhersluþáttum:

Náttúra

Menning og listir

Vellíðan

Sjálfbærni

Lykiláherslur í framtíðarsýn áfangastaðarins höfuðborgarsvæðisins

## Kostnaður og umsjón áhersluverkefna sóknaráætlunar

Stór þáttur í starfsemi og verkefnum SSH er umsjón með áhersluverkefnum sóknaráætlunar. Verkefnin eru eftir atvikum unnin með aðkomu utanaðkomandi verkefnastjóra. Framlag til verkefnanna er að stærstum hluta fjármagnað úr ríkissjóði en einnig með framlagi SSH, sem nemur um 17% af framlagi ríkisins ár hvert.

### Yfirlit yfir sóknaráætlunarverkefni á vegum SSH 2020-2022

Sóknaráætlun	2020	2021	2022	Samtals
<b>Verkefni:</b>				
Tölfræði höfuðborgarsvæðisins	727			727
Markaðssetning gagnvert erl. fjárfestum	4.121	5.058	5.810	14.989
Velferðatækni	1.808			1.808
Ferðþjónusta nýsköpunarverkefni	3.269	5.455	368	9.092
Forvarnir á tímum Covid-19	3.200	3.869	482	7.551
Stafræn þjónusta	2.780	220		3.000
Meðhöndlun úrgangs á höfuðborgarsv.	4.089	5.916	596	10.601
Frumdrög að loftslagsstefnu höfuðborgarsv.	980	5.820	2.603	9.403
Áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsv.		4.627	4.095	8.722
Ratsjá fyrir ferðþjónustu á höfuðborgarsv.		3.550		3.550
Útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu		4.807	3.499	8.306
Nýköpunar- og samkeppnisverkefni (Sóley)			7.738	7.738
Forvarnir og geðrækt hjá unglíngum			5.359	5.359
Áætlun um landnotkun, húsnæði og samgöngur			1.575	1.575
Fjölsmiðjan, þróunar- og forvarnarverkefni			5.389	5.389
Annar verkefnakostnaður	2.829	384	1.092	4.305
<b>Heildarkostn. a v. sóknaráætl. verkefna</b>	<b>23.803</b>	<b>39.706</b>	<b>38.606</b>	<b>102.115</b>
<b>Fjármögnun:</b>				
Framlög Ríkissjóðs	25.000	37.500	30.000	92.500
Framlög SSH og sveitarfélaganna	5.000	5.000	5.000	15.000
Ónotað verkefnafé	(6.197)	(2.794)	3.606	(5.385)
<b>Samtals</b>	<b>23.803</b>	<b>39.706</b>	<b>38.606</b>	<b>102.115</b>

Allar tölur í þús. kr.



Úr myndasafni Kjósarhrepps

## Samgöngusáttmálinn

Hinn 26. september 2019 var Samgöngusáttmálinn, samkomulag ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum, undirritaður. Markmið sáttmálans eru: Að stuðla að greiðari samgöngum og fjölbreyttum ferðamátum með jafnri uppbyggingu innviða allra samgöngumáta; að stuðla að loftslagsmarkmiðum ríkis og sveitarfélaga um sjálfbært, kolefnishlutlaust borgarsamfélag með eflingu almenningsgangna og deiliahagkerfis í samgöngum, bættum innviðum fyrir vistvæna samgöngumáta og hvetja til breyttra ferðavenja og orkuskipta; að stuðla að auknu umferðaröryggi með það að markmiði að draga stórlega úr umferðarslysum; og að tryggja skilvirka framkvæmd og trausta umgjörð verkefnisins, m.a. með því að skilgreina samstarfsform, kostnaðarskiptingu, ábyrgð á tilteknum aðgerðum og fjármögnunarleiðir.

Betri samgöngur ohf., sem er opinbert hlutafélag í eigu ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, var stofnað haustið 2020, en tilgangur þess er að hrinda í framkvæmd uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu og hafa yfirumsjón með framkvæmdum Samgöngusáttmálans og fjármögnun þeirra. Er félaginu þá falið að annast þróun Keldnaland, sem er hluti af framlagi ríkisins til sáttmálans, og að annast innheimtu flýti- og umferðargjalda verði ákveðið með lögum að leggja þau á. Stjórn félagsins er skipuð sex einstaklingum, þremur frá ríki og þremur frá sveitarfélögunum. Það er stjórn SSH sem fer með eigendaumboð sveitarfélaganna.

Sérstakur stýrihópur vegna verkefnisins starfar samkvæmt stjórnskipulagi sáttmálans, en honum er m.a. ætlað að fjalla um ágreining sem komið getur upp í samskiptum ríkis eða sveitarfélaga við félagið um túlkun ákvæða eða forsendna sáttmálans eða um fjármögnun eða ráðstöfun fjármuna. Stýrihópurinn skipa borgarstjóri Reykjavíkur, formaður og varaformaður stjórnar SSH, forsætisráðherra, innviðaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra.

Aðilar Samgöngusáttmálans ákváðu í mars 2023 að hefja undirbúning að því að uppfæra sáttmálann og gera viðauka við hann m.a. í ljósi mikilla verðhækkana, einkum í verklegum framkvæmdum sem hafa haft áhrif á kostnaðaáætlanir. Einnig að skoða og greina einstök verkefni, þar sem kostnaðaráætlanir voru vanáætlaðar. Standa viðræður ennþá yfir og áætlað er að þeim ljúki fljótlega.

Frekari upplýsingar um Betri samgöngur ohf. og stöðu einstakra framkvæmda er að finna á [www.betrisamgongur.is](http://www.betrisamgongur.is).

## Samkomulag um eflingu almenningsgangna

Með bréfi dags. 2. september 2021 óskaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið eftir tilnefningu SSH á þremur aðilum í starfshóp sem átti að vinna tillögu að endurskoðuðu samkomulagi um tilraunaverkefni um eflingu almenningsgangna en fyrra samkomulagi var markaður gildistími frá 2012-2022. Samningaviðræður ríkis og sveitarfélaga hafa staðið yfir með hléum síðan og eru enn í gangi samfara uppfærslu Samgöngusáttmálans.



Úr myndasafni Reykjavíkurborgar

## Byggðasamlögin

Í starfs- og fjárhagsáætlun SSH 2020 var ákveðið að hefja umræðu og stofna til verkefnis um stjórnsýslulega stöðu byggðasamlaganna. Utanaðkomandi ráðgjafi (Strategía) var fenginn til að vinna úttekt og skýrslu varðandi skipulag og stjórnarhætti byggðasamlaganna á höfuðborgarsvæðinu. Að lokinni kynningu og umfjöllun um skýrsluna var ákveðið að koma á fót starfshópi kjörinna fulltrúa til að vinna áfram að verkefninu. Lagði hópurinn til að Stefnuráði byggðasamлага yrði komið á fót og því falið að útfæra og móta tillögur að framtíðarsviðsmyndum og rekstrarfyrirkomulagi byggðasamlaganna. Stjórn SSH féllst á þá tillögu og var skrifstofu SSH falið að vinna drög að viðaukum við stofnsamninga Sorpu bs. og Strætó bs. til að festa hlutverk stefnuráðs í sessi. Stefnuráð er skipað 20 fulltrúum, þ.e. þremur fulltrúum frá hverju sveitarfélaganna utan Reykjavíkur, sem á fimm fulltrúa í ráðinu.



Fyrsti fundur stefnuráðs var haldinn hinn 22. nóvember 2021 og hefur ráðið fundað alls niu sinnum síðan. Meðal þess sem hefur verið til umræðu eru verkefni byggðasamlaganna Sorpu bs. og Strætó bs. og verkefni sveitarfélaganna á sviði úrgangsmála, sem fyrirséð er að taki nokkrum breytingum með nýrri löggjöf, og hvernig þeim verkefnum verði best fyrir komið. Þá hefur stefnuráð skipað sérstakan starfshóp í úrgangsmálum sem m.a. er ætlað að móta og leggja fram tillögur að samræmdum samþykktum sveitarfélaganna á sviði úrgangsmála, og til stendur að hópurinn kynni tillögur sínar fyrir stefnuráði á fundi þess 17. nóvember 2023.



Enn sem komið er hefur umrætt verkefni þó ekki leitt til gagngerra breytinga á stjórnsýslu byggðasamlaganna og eru því enn haldnir reglulegir eigendafundir Strætó bs. og Sorpu bs. á vettvangi SSH. Byggir sú tilhögun á sérstökum eigendastefnum byggðasamlaganna Sorpu bs. og Strætó bs. sem voru samþykktar á árinu 2013, í kjölfar stjórnsýsluúttektar. Handhafa eigendavalds eru þar tilgreindir og samkvæmt eigendastefnunum er gert ráð fyrir að sameiginleg umræða eigenda um málefni þessara byggðasamлага fari fram á sérstökum eigendafundum handhafa eigendavalds byggðasamlaganna, þ.e. framkvæmdastjóra sveitarfélaganna, stjórna byggðasamlaganna og framkvæmdastjóra. Ekki hefur verið mótuð eigendastefna eða eigendavettvangur fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. en í stjórn þess sitja framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaganna.



Kynning hjá SHS: Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu ásamt stjórnendum og starfsmönnum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

## Skíðasvæðin á höfuðborgarsvæðinu

### Rekstur og stjórnun

Hinn 1. janúar 2022 tók nýr samstarfssamningur sveitarfélaganna um rekstur Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins gildi, en eldri samningur þeirra rann út á sama tíma. Við gerð hins nýja samnings, en hann var unninn á vettvangi SSH með aðkomu Samstarfsnefndar skíðasvæðanna og í kjölfarið sendur sveitarfélögunum til afgreiðslu, var leitast við að skýra verkferla og hlutverk aðila sem koma að rekstri skíðasvæðanna. Samstarfsnefnd skíðasvæðanna, sem skipuð er einum fulltrúa frá hverju aðildarsveitarfélagi skíðasvæðanna, hefur m.a. það hlutverk að móta tillögur um stefnu og starfs- og fjárhagsáætlun Skíðasvæðanna, og að hafa eftirlit með rekstri þeirra.



Rekstur svæðanna, svo sem er varðar starfsmannahald, fjárreiður og bókhald er svo í höndum Reykjavíkurborgar samkvæmt sérstökum þjónustusamningi þar um. Það eru svo fulltrúar í stjórn SSH hverju sinni sem skipa eigendavettvang skíðasvæðanna. Eigendavettvangur fjallar um starfs- og fjárhagsáætlun skíðasvæðanna og önnur mál sem varða stefnumótun eða meiri háttar fjárhagslegar ákvarðanir sem falla utan samþyktra áætlana.



Úr myndasafni skíðasvæðanna

## Framkvæmdir á skíðasvæðunum

Haustið 2017 fór af stað vinna hjá Samstarfsnefnd skíðasvæðanna við mótun framtíðarsýnar skíðasvæðanna en þörf var talin orðin á því að endurnýja lyftukost svæðanna og huga að snjóframleiðslu. Tillögur lágu fyrir í lok árs 2017 og var fylgt eftir með kynningum í öllum bæjarráðum í mars 2018.

Á fundi sínum hinn 5. mars 2018 samþykkti stjórn SSH, sem er eigendavettvangur Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, að skipa sérstakan verkefnahóp til að undirbúa tillögu að aðgerða- og framkvæmdaáætlun á grundvelli áðurnefndrar vinnu við framtíðarsýn á uppbyggingu og rekstri skíðasvæðanna. Hópurinn hefur verið starfræktur síðan, samkvæmt upphaflegu erindisbréfi og viðauka við það, sem var samþykktur á fundi stjórnar SSH hinn 2. mars 2020.

Hinn 7. maí 2018 undirrituðu framkvæmdastjórar þeirra sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem reka Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Verkefnahópurinn hefur eftirlit með þessum framkvæmdum en jafnframt var ráðinn sérstakur verkefnastjóri vegna þeirra.

Þrír viðaukar hafa síðan verið gerðir við samkomulagið, Viðauki I dags. 6. mars 2020, Viðauki II dags. 24. febrúar 2021, og Viðauki III dags 5. maí 2022 en með þeim voru m.a. gerðar uppfærslur á upphaflegri kostnaðar- og tímaáætlun verkefnisins, en þær röskuðust eitthvað, m.a. vegna áhrifa Covid-19.

Verkefnið hefur gengið samkvæmt áætlun og voru skíðalyfturnar Gosi og Drottning teknar í notkun í lok árs 2022, en upphaflega var ekki gert ráð fyrir afhendingu Drottningar fyrr en haustið 2023. Þá fóru fram útboð vegna annars vegar kaupa á snjóframleiðslubúnaði og hins vegar vegna borunar vinnsluholu fyrir snjóframleiðslu farið fram. Framkvæmdum við borun vinnsluholu er lokið og gert er ráð fyrir því að snjóframleiðsla í Bláfjöllum hefjist í lok árs 2023 en framkvæmdir hafa gengið samkvæmt áætlun. Þá hefur einnig verið hugað að bættri aðstöðu fyrir gönguskiðaiðkun og var nýtt salernishús á suðursvæði Bláfjalla tilbúið til notkunar haustið 2022.



Úr myndasafni skíðasvæðanna

## Höfuðborgargirðing

Frá árinu 1987 hafa SSH annast rekstur og viðhald á fjárheldri girðingu um höfuðborgarsvæðið, en hún var lögð að frumkvæði samtakanna. Lausaganga búfjár er bönnuð innan girðingarinnar, og markmiðið með henni er að koma í veg fyrir ágang og ónæði vegna búfjár í útjaðri byggðar á höfuðborgarsvæðinu.

Bæði er um að ræða tilfallandi viðhaldsaðgerðir, t.a.m. ef rof kemur á girðinguna, en einnig getur verið nauðsynlegt að ráðast í umfangsmeiri endurnýjun á girðingunni og er það metið á hverju vori. Á árinu 2023 var samþykkt að endurnýja hluta girðingar sem liggur við Suðurlandsveg og fóru framkvæmdir fram í október/nóvember 2023.



*Kort sem sýnir höfuðborgargirðingu í austurhluta höfuðborgarsvæðisins, merkt með gulri línu*



## Umdæmisráð barnaverndar

Með breytingum á barnaverndarlögum, en ákvæði laganna er snúa að umdæmisráði barnaverndar komu til framkvæmda 1. janúar 2023, voru gömlu barnaverndarnefndirnar lagðar af en sveitarstjórnur þess í stað gert að skipa sérstök umdæmisráð barnaverndar í þeim tilgangi að skapa aðskilnað milli sveitarfélaga og úrskurðaraðila. Aðildarsveitafélög SSH, nema Reykjavík sem rekur sérstakt umdæmisráð, ákváðu að setja á stofn sameiginlegt umdæmisráð og var samningur um rekstur þess undirritaður 12. desember 2022. Ráðið tók til starfa um áramót en fjárhagsleg umsýsla vegna reksturs þess er á höndum SSH.



*Frá undirritun samnings um rekstur sameiginlegs umdæmisráðs barnaverndar í Kraganum. Frá vinstri: Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri Hafnarfjarðar, Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Kjósarhepps, Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar, Almar Guðmundsson bæjarstjóri Garðabæjar og Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar*

## Heimilislausir með fjölþættan vanda (HMFP)

### Tilurð og markmið verkefnis HMFP

Á vormánuðum 2022 var tekin ákvörðun um að ráða verkefnastjóra til hálfis árs til þess að gera úttekt á stöðu heimilislausra í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur. Þorbjörg Helga Þorgílsdóttir var verkefnastjóri þessa verkefnis en lokaskýrsla um verkefnið lá fyrir á vormánuðum 2023.

### Verkefnið

Mikil könnunarvinna var unnin í tengslum við verkefnum og m.a. rætt við aðila frá mörgum þeirra félagasamtaka sem unnið hafa í þágu heimilislausra um langt skeið. Einnig var leitað til Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga eftir samráði. Þá var sett upp ráðgjafarteymi fyrir verkefnið en í því sátu fulltrúar allra þeirra sveitarfélaga sem stóðu að verkefninu. Skýrsla um verkefnið lá fyrir og var kynnt á fundi stjórnar SSH 17. apríl 2023, og úrvinnsla tillagna á grundvelli hennar stendur nú yfir.



## Kynningarmál

### Kynningarfundir

SSH standa reglulega fyrir kynningar- og umræðufundum fyrir kjörna fulltrúa á höfuðborgarsvæðinu, og eftir atvikum aðra aðila, eins og lykilstarfsfólk sveitarfélaganna í hlutaðeigandi málaflokkum og þingmenn höfuðborgarsvæðisins.

Á fundunum eru þau málefni sem eru efst á baugi kynnt og tekin til umræðu. Fundirnir eru almennt í fjarfundaformi og stefnt er að því að hver fundur sé aðeins klukkustundar langur. Þessir fundir hafa verið vel sóttir og er almenn ánægja með þá, en frá árinu 2022 hafa verið haldnir fundir til kynningar á eftirfarandi:



#### 2022

**Efst á baugi:** Kynningar- og umræðufundur um þau málefni sem eru efst á baugi hjá SSH.

**Samtal SSH og þingmanna höfuðborgarsvæðisins:** Samtalsfundur kjörinna fulltrúa. Til umræðu voru umhverfismál, málefni fatlaðs fólks og staða Samgöngusáttmálans.

**Áfangastaðurinn höfuðborgarsvæðið:** Kynningar- og umræðufundur um áfangastaðaáætlun sem er hluti verkefnis um undirbúning stofnunar Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins.

**Þjónusta við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir:** Kynningar- og umræðufundur um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

**Áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins:** Kynningar- og umræðufundur um helstu þætti verkefnis um undirbúning stofnunar Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins.

**Stjórnsýsla byggðasamlaganna:** Kynningar- og umræðufundur um verkefni um stjórnsýslu byggðasamlaganna.

**Samtal SSH og þingmanna höfuðborgarsvæðisins:** Samtalsfundur kjörinna fulltrúa. Til umræðu voru menntamál, almenningsamgöngur og málefni fatlaðs fólks.

#### 2023

**Samræming úrgangsflokkunar og loftslagsstefna:** Fjallað var um verkefnið samræmingu úrgangsflokkunar sem hefur verið unnið á vettvangi SSH og Sorpu bs. undir leiðsögn tæknihóps starfsmanna sveitarfélaganna frá árinu 2021. Farið var yfir stöðu verkefnisins, innleiðingu, kynningarefni, áætlaða tímalínu o.fl. Í lok fundarins var farið stuttlega yfir næstu skref við innleiðingu loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins.

**Kynning á skýrslum annars vegar um forvarnir og geðrækt ungmenna og hins vegar um heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuþarfir:** Amanda K. Ólafsdóttir, deildarstjóri frístundadeildar Kópavogsbæjar, kynnti skýrslu starfshóps um forvarnir og geðrækt hjá ungmennum á höfuðborgarsvæðinu. Þorbjörg Helga Þorgilsdóttir verkefnastjóri kynnti skýrslu um málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir.

**Sorpbrennsla:** Helgi Þór Ingason kynnti helstu markmið, uppbyggingu og tímaáætlanir verkefnisins og gaf innsýn í stöðu þess.

## Ný heimasíða

Samkvæmt starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2021, sem kynnt var á aðalfundi samtakanna hinn 13. nóvember 2020, var eitt af markmiðum starfsins það árið að efla enn frekar samskiptaverkfæri SSH, svo sem heimasíðu samtakanna. Samarið 2021 var gengið til samninga við Sjá ehf., sem tók að sér að vinna þarfagreiningu og kröfulýsingu vegna nýrrar heimasíðu. Undirbúningsvinna var nokkuð umfangsmikil og tók m.a. til funda með starfsfólki SSH, notendaviðtala við íbúa og kjörna fulltrúa og gerðar og úrvinnslu netkönnunar.

Í kjölfarið var verðfyrirspurn ásamt þarfa- og kerfislýsingu send út til þriggja fyrirtækja á þessu sviði. Starfsfólk SSH átti í kjölfarið, ásamt ráðgjafa Sjá ehf., fundi með fulltrúum fyrirtækjanna, en niðurstaða þeirrar vinnu var sú að gengið var til samninga við Stefnu ehf.

Samningar við Stefnu ehf. um gerð nýrrar heimasíðu voru undirritaðir í apríl 2022 og í framhaldinu var, með samstarfi starfsfólks SSH og Stefnu ehf., unnið að mótun og uppsetningu nýrrar heimasíðu SSH. Ný heimasíða var opnuð í lok júní 2023 og er framsetning vefsíðunnar skýrari og nútímalegri en áður. Síðan er þó enn og stöðugt í vinnslu og allar ábendingar og athugasemdir vel þegnar við áframhaldandi þróun og vinnslu hennar

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Velkomin á nýju vefsíðu SSH í samerfi við Stefnu ehf. Allar ábendingar vorðandi efni nýju síðunnar sendist á notendavest.is.

SSH hefur hafa frumkvæði að vöktun, greiningu, umráðu og lýsingu á málum sem líkleg eru til að stuðla að framfarum afangreindra markmiða. Með sama hætti skal SSH í fylgjast með niðurgangnum á sviði svæðisráðgjafarinnar í samræmi við stefnu og miðla þeim til aðlöðu sveitarfélögunna.

SSH hefur jafnframt stundað fyrir reglubundnu samráði við ríkisstjórn, notendur og stöðvar um málefni er varða höfuðborgarsvæðinu og svara með þeim hætti að framfarir og hagamunum höfuðborgarsvæðians.

Um SSH

Fundargerðir Svæðisráðgjafi Skiðnaðarþættir Gagnagöf Samgöngur verkefna

Fréttir & tilkynningar

Höfuðborgargirðingin  
Girðing um höfuðborgarsvæðið var reist af Samráðum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) á árunum 1964 - 1971 samstarfi við Skógrætt ríkiss.

Högaða grænar samgöngur RVK - KEF  
Á staðinu eru vaxandi og vildir fyrirkoma sem rættir um áhorvun og tækifæri bættu áhrifsamlegum. Á fundum stjórnar Reykjavíkur, Innviðabúnaðs, Kópavogur, Seltúnna...

Verkefni í framkvæmd

Svæðisráðgjafabreytingar í auglýsingu

Skiðnaðarþættir á höfuðborgarsvæðinu

Loftháspáttelma fyrir höfuðborgarsvæðið - stefni að loftmálshæðum árið 2035

## Samstarfs- og verkefnahópar

Samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hefur m.a. einkennst af starfi ýmissa samstarfs- og verkefnahópa og nefnda sem unnið hafa á vettvangi SSH. Þessir hópar eru ýmist viðvarandi eða settir á laggirnar til að takast á við tímabundin verkefni.



### Formlegar nefndir

**Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins:** Svæðisskipulagsnefndin byggir á ákvæðum skipulagslaga og er skipuð tveim fulltrúum frá hverju aðildarsveitarfélagi og tveimur til vara.

**Skólamálanefnd SSH:** Nefndina skipa fræðslustjórar aðildarsveitarfélaganna að Kjósarhreppi undanskildum. Hún starfar samkvæmt sérstöku erindisbréfi og er ætlað að vera samráðs- og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna á sviði fræðslumála.

**Stefnuráð byggðasamlaganna:** Stefnuráð starfar á grundvelli viðauka við stofnsamþykktir Strætó bs. og Sorpu bs. og er skipað 20 fulltrúum, þremur frá hverju sveitarfélagi utan Reykjavíkur og fimm frá Reykjavík.

**Stefnuráð áfangastaðarins höfuðborgarsvæðisins:** Stefnuráð starfar á grundvelli samnings um undirbúning stofnunar áfangastaðastofu og er skipað 21 fulltrúa, tveimur frá hverju sveitarfélagi utan Reykjavíkur, þremur frá Reykjavík og átta frá fyrirtækjum í ferðaþjónustu eða samtökum þeirra.



Úr myndasafni Garðabæjar

## Viðvarandi samstarfshópar

Samráðshópur á sviði velferðarmála  
Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu  
Fagráð svæðisskipulags

## Stjórnir, nefndir og hópar

vegna verkefna sem SSH taka þátt í og forsvaraðilar þeirra:

Almenningssamgöngur - Innviðaráðuneytið  
Betri samgöngur (stjórn)  
Faghópur leiðarkerfis Stætó - Strætó bs.  
Fjölsmiðjan (stjórn)  
Hringrásargarður á Álfsnesi - Reykjavíkurborg  
Höfuðborgarstefna - Innviðaráðuneytið  
Lyklafellslína - Landsnet  
Norræn ráðherranefnd um byggðaþróun - Innviðaráðuneytið  
Skipulagsmálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga - Samband íslenskra sveitarfélaga  
Sóknaráætlun - Tækni hópur um úrgangsmál - SSH  
Sóknaráætlun - Loftlagsstefna fyrir höfuðborgarsvæðið - SSH  
Sóknaráætlun - Úthlutun styrkja úr Sóley - SSH  
Sóknaráætlun - Forvarnir og geðrækt hjá unglingum - SSH  
Starfshópur um húsnæðismál í aðdraganda kjarasamninga - Forsætisráðuneytið  
Stýrihópur um loftgæði á Íslandi - Umhverfissráðuneytið  
Umbætur á húsnæðismarkaði - Forsætisráðuneytið  
Uppbygging skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins - SSH



Úr myndasafni Reykjavíkurborgar